

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 662, 18. ágúst 2010, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2010/2011, með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr.:

- a. 4. tl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo: 4. Innfjarðarækja samtals 400, þ.a. Arnarfjörður 400.
- b. Á eftir 5. mgr. 3. gr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Veiðitímabil innfjarðarækju stendur frá 1. nóvember 2010 til og með 30. apríl 2011. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem eiga hlut að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 2010.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

*Hrefna Karlsdóttir.*